

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Sýslumannstún, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 28. júní 2018 deiliskipulagstillögu fyrir Sýslumannstún á Hvolsvelli. Tillagan tekur til 1,6 ha svæðis sem skilgreint er í aðalskipulagi sveitarfélagsins sem ÍB-112. Í tillögunni er gert ráð fyrir tveimur parhúsum með samtals 4 íbúðum auk bílgeymslu og einu raðhúsi með 8 smábúðum án bílgeymslu. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Stóra Borg, deiliskipulag.

Byggðarráð Rangárþings eystra samþykkti þann 28. júní 2018 deiliskipulagstillögu fyrir Stóru Borg. Tillagan tekur til byggingar tveggja frístundahúsa í landi Stóru Borgar. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 23. janúar 2019.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2019